

Fundargerð Menningarmálanefndar Skaftárhrepps

100. fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps haldinn 1. desember 2020, kl 17:00 á Kirkjubæjarstofu

Mætt eru á fundinn: Gunnar Erlendsson, formaður, Lilja Magnúsdóttir, ritari. Þuriður H Benediktsdóttir, varamaður, Elín Pálsdóttir, varamaður og Sólveig Ólafsdóttir, varamaður.

1. Rætt um Uppskeru- og þakkarhátið árið 2020. Það var undarlegt að halda hátið þar sem enginn mátti hittast. Þau atriði sem tókust vel voru bílabíóið þar sem kom fjöldi fólk og horfði á Grease á bílaplaninu fyrir utan Íþróttahúsið á Klaustri. Það var líka góð þátttaka í gerð útilistaverka. Það bárust 11 verk. Verðlaun voru veitt fyrir þrjú verk. Í fyrsta sæti voru hjónin Sigurður Sverrisson og Kristbjörg Hilmarsdóttir, Þykkvabækarklaustri, Skúli Jónsson í Þykkabæ í Landbroti hreppti annað sætið og Klausturhólar og Vilhjálmur Logi Arnórsson deildu þriðja sætinu. Við þökkum þeim sem tóku þátt og ekki síður þeim sem sendu okkur gripi og gjafabréf sem verðlaun. Íbúar voru hvattir til að fara í göngur um sveitina og deila myndum með okkur. Það gerðu nokkrir og svo voru margir sem tóku þátt í ratleik á vegum Vatnajökulsþjóðgarðs. Þökkum við öllum þátttökuna og vonum að næstu hátið getum við haldið á hefðbundinn hátt þar sem við getum þjappað okkur saman á heimilum, hótelum og í félagsheimilum.

2. Sótt var um 600 þús kr styrk til SASS til að halda hátið í tilefni þess að í vor eru 10 ár liðin frá Grímsvatnagosinu 2011. Hátiðin hefur fengið nafnið Gos, í tónum og mynd. Sótt var um styrkinn til að semja tónverk og flytja það á tónleikunum ásamt því að sýndar verði myndir frá gosdögunum. Zbigniew Zuchowicz, skólastjóri Tónlistarskóla Skaftárhrepps, er tónskáld og mun hann semja tónverkið. Zbigniew kann einnig ýmislegt varðandi myndvinnslu og ætlar að setja saman myndirnar. Gert er ráð fyrir að Tríó sands og hrauna leiki tónverkið en í því eru þau Teresa Zuchowicz og Brian Haroldsson, ásamt Zbigniew. Brian og Zbigniew stýra Tónlistarskólunum í Skaftárreppi og Mýrdalshreppi og þeim er í sjálfsvald sett hvort þeir kjósa að velja fleiri hljóðfæraleykara eða önnur atriði til að vera á tónleikunum. Menningarmálanefndin fékk 300 þús. kr. styrk frá SASS til þessa verkefnis.

3. Menningarmálanefnd Skaftárhrepps óskar eftir styrk frá sveitarstjórn Skaftárhrepps, 500 þús kr. til að undirbúa og vinna að því að gera hátiðina Gos í tónum og mynd 2021. Minnt er á að Uppskeruhátiðin 2020 kostaði ekkert og því er þar fé sem ætlað var til menningarmála en nýttist ekki á þessu ári.

4. Bílabíó. Samþykkt að halda bílabíó helgina 18. og 19. desember 2020. Frekari upplýsingar síðar.

5. Samþykkt var fyrir fáum árum að sveitarstjórn legði til ákveðna upphæð til viðhalds Múlakotsskóla sem mótframlag við styrki Minjastofnunar. Minjastofnun hefur veitt styrki síðustu ár. Árið 2020 komu fyrst 2 miljónir og svo kom 1 miljóna framlag sem var bætt við sem hluti af aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að bregðast við Covid. Árið 2020 var gert við suðurhlið skólans; skipt um járn og skipt um glugga en búið var að smíða þá glugga. Fyrir þennan styrk á líka að smíða úthurðir og glugga.

Búið er að sækja um áframhaldandi styrk til Minjaværndar upp á 2,5 milljónir og þá gert ráð fyrir einni miljón kr mótframlagi frá sveitarstjórn Skaftárhrepps. Þessa peninga á að nota til að smíða nýjan dyraumbúnað, setja nýju hurðirnar í, setja nýja glugga og skipta um klæðninguna á þeim hliðum sem eftir eru. Síðan á að mála þakið og svo allt húsið ef peningurinn endist til þess.

Menningarmálanefnd sækir um að sveitarstjórn Skaftárhrepps leggi til mótframlagið 1 000 000 kr. árið 2021.

6. Nú er lokið verkefninu Umhverfislistaverk í Skaftárhreppi sem er Gullmolinn uppi á brún. Lokið var við að mála Gullmolann í haust, búið er að prenta skilti sem verður sett upp við Gullmolann og verður það sett upp um leið og frost fer úr jörðu í vor. Upplýsingar um verkið má lesa á <https://eldsveitir.is/2020/10/30/gullmolinn/>, bæði á íslensku og ensku.
Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands og SASS styrktu verkefnið og kunnum við þeim bestu þakkar.


7. Gert var ráð fyrir 300 000 kr fyrir árið 2020 til að halda tónleika og aðra listviðburði á árinu 2020. Ekkert hefur orðið af þessum tónleikum né öðrum uppákomum. Við óskum eftir að þessi sama upphæð 300 000 kr. verði ætlaður til listviðburða á árinu 2021.

Önnur mál:

Rætt var um hvort menningarmálanefnd geti styrkt jólasvein til að koma í ævintýraskógin á Klaustri. Samþykkt að ræða það betur.

Fundi slitið 18:00

Fundarritari Lilja Magnúsdóttir


Lilja Magnúsdóttir
Bunahólfagur Bardekk
Umhverfislistaverk
Síða 1 af 1

Sveitarstjórn Skaftárrepps
bt. Sveitarstjóra
Klausturvegi 10
880 Kbkl.

Ályktun frá 100. fundi Menningarmálanefndar Skaftárrepps dags. 1. des 2020.

A. Menningarmálanefnd Skaftárrepps óskar eftir styrk frá sveitarstjórn Skaftárrepps, 500 þús kr. til að undirbúa og vinna að því að gera hátíðina Gos í tónum og mynd 2021.

Minnt er á að Uppskeruhátíðin 2020 kostaði ekkert og því er þar fé sem ætlað var til menningarmála en nýttist ekki á þessu ári en gert er ráð fyrir óbreyttu framlagi vegna Uppskeru- og þakkarhátíðar 2021.

B. Samþykkt var fyrir fáum árum að sveitarstjórn legði til ákveðna upphæð til viðhalds Múlakotsskóla sem mótfamlag við styrki Minjastofnunar. Minjastofnun hefur veitt styrki síðustu ár; árið 2020 komu fyrst 2 miljónir og svo kom 1 miljón, framlag sem var bætt við sem hluti af aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að bregðast við Covid. Árið 2020 var gert við suðurhlíðina; skipt um járn og skipt um glugga en búið var að smíða þá glugga. Fyrir þennan styrk á líka að smíða úthurðir og glugga. Búið er að sækja um áframhaldandi styrk til Minjaværndar upp á 2,5 milljónir og þá gert ráð fyrir miljón kr mótfamlagi frá sveitarstjórn Skaftárhress. Þessa peninga á að nota til að smíða nýjan dyraumbúnað, setja nýju hurðirnar í, setja nýja glugga og skipta um klæðninguna á þeim hliðum sem eftir eru. Síðan á að mala þakið og svo allt húsið ef peningurinn endist til þess.

Menningarmálanefnd sækir um að sveitarstjórn Skaftárrepps leggi til mótfamlagið 1 000 000 kr. árið 2021.

C. Menningarmálanefnd Skaftárrepps óska eftir 300 þús kr. til listviðburða.

Gert var ráð fyrir 300 000 kr fyrir árið 2020 til að halda tónleika og aðra listviðburði á árinu 2020. Ekkert hefur orðið af þessum tónleikum né öðrum uppákomum. Við óskum eftir að þessi sama upphæð 300 000 kr. verði ætlaður til listviðburða á árinu 2021.

*Gunnar Erlandsson
Lilja Magnúsdóttir
Guðrún Ólga Þorleifsson
Ólafur Þorleifsson
Solveig Ólafsdóttir*